

Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

23. desember 2015
Tilvísun: 2015120039

Efni: Dreifibréf til fjármálafyrirtækja um framsetningu birtingar og afhendingu lykilupplýsinga til fjárfesta í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum

Fjármálaeftirlitið gaf út leiðbeinandi tilmæli um lykilupplýsingar verðbréfa- og fjárfestingarsjóða með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þann 5. júní 2015. Rekstrarfélögum verðbréfasjóða á Evrópska efnahagssvæðinu er skylt að gefa út lykilupplýsingar til fjárfesta í þeim tilgangi að auðvelda fjárfestum að bera saman verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og auka samkeppni, sbr. 51. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestassjóði, sem innleiðir ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS IV).

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta (hér eftir nefnd reglugerðin) hefur að geyma nákvæm atriði um framsetningu upplýsinga í lykilupplýsingum, en í þeim skal draga fram meginatriði útboðslýsingar um viðkomandi verðbréfasjóð eða fjárfestingarsjóð.

Með dreifibréfi þessu vill Fjármálaeftirlitið undirstrika mikilvægi lykilupplýsinga sem samanburðarskjals fyrir fjárfesta við ákvörðun um fjárfestingu í verðbréfa- eða fjárfestingarsjóðum. Við yfirferð eftirlitsins á heimasíðum rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra fjármálafyrirtækja sem markaðssetja verðbréfa- og fjárfestingarsjóði þeirra hefur komið í ljós að lykilupplýsingum virðist í mörgum tilfellum ekki vera veitt það vægi sem skjalinu er ætlað samkvæmt lögnum og reglugerðinni. Lykilupplýsingar virðast á heimasíðum margra fjármálafyrirtækja vera merktar sem ítarefni og virðist svokölluðum upplýsingablöðum eða einblöðungum gert mun hærra undir höfði en lykilupplýsingum. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt fengið upplýsingar um að fjárfestar hafi eingöngu fengið afhent upplýsingablöð en ekki lykilupplýsingar þegar þeir hafa leitast eftir að fá ráðgjöf um kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum á sölustöðum þeirra hjá fjármálafyrirtækjum.

Tilgangur með því að samræma lykilupplýsingar fyrir verðbréfa- og fjárfestingarsjóði var að koma í veg fyrir að mismunandi gögn væru lögð fyrir fjárfesta og auðvelda fjárfestum að bera saman mismunandi sjóði í rekstri rekstrarfélaga. Það markmið næst ekki ef upplýsingablöð eru fremur afhent fjárfestum heldur en samræmdar lykilupplýsingar.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Af því tilefni vill Fjármálaeftirlitið vekja athygli á 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar þar sem fram kemur að afhenda skuli lykilupplýsingar með þeim hætti að tryggt sé að fjárfestar geti gert greinarmun á því og öðrum gögnum. Sér í lagi má hvorki kynna né afhenda skjalið með þeim hætti að fjárfestar kunni að telja það síður mikilvægt en aðrar upplýsingar um sjóðinn og áhættu og ávöxtun hans.

Með vísan til framanritaðs beinir Fjármálaeftirlitið því til rekstrarfélaga verðbréfasjóða og annarra fjármálafyrirtækja sem starfa sem söluaðilar verðbréfa og fjárfestingarsjóða að yfirfara starfshætti sína hvað varðar framsetningu og sýnileika lykilupplýsinga á heimasíðu félagsins og afhendingu lykilupplýsinga til fjárfesta á sölustað, ásamt því að leita leiða til að tryggja að ekki sé gert lítið úr vægi lykilupplýsinga sem samanburðarskjals fyrir fjárfesta við ákvörðun um fjárfestingar í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum.

Í ljósi framangreindrar umfjöllunar bendir Fjármálaeftirlitið á að stofnunin hefur í hyggju að framkvæma athugun á miðlun lykilupplýsinga til fjárfesta og sýnileika þeirra á heimasíðu fjármálafyrirtækja. Farið er fram á að rekstrarfélög verðbréfasjóða og önnur fjármálafyrirtæki sem starfa sem söluaðilar verðbréfa og fjárfestingarsjóða yfirfari starfshætti sína hvað varðar framsetningu og sýnileika lykilupplýsinga á heimasíðu félagsins og afhendingu lykilupplýsinga til fjárfesta á sölustað og bæti úr ef við á eigi síðar en 15. febrúar 2016.

Fjármálaeftirlitið hyggst birta dreifibréf þetta á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Halldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Vigdís Þansd.
Vigdís Sveinsdóttir